



Stjórnarfundur 9 þriðjudaginn 7. nóvember 2017 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Kristín Hálfánardóttir, Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson,.

Afboð og mættu ekki; Árni Jón Eggertsson, Svandís Þorsteinsdóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson.

Dagskrá

- Mótamál
 - Sporttv
 - Neðri deildar túrningar
 - Kjörísbikarinn
- Landsliðsmál
 - Afreksstefna til framtíðar
 - U19/U17 keppnir þúnar
 - Næstu keppnir
 - Langtímaskipulag
- Landsleikir á næsta ári
 - Skipulag leikjanna
 - Fleira?
- Blakfólk ársins
- Skólamót UMSK og BLÍ --- CEV
- Önnur mál

Fundargerð

Mótamál

- Keppni Íslandsmótsins fer ágætlega af stað. Stafsfólk SportTv er að slípast í útsendingunum. Ekki hafa borist neinar auglýsingar frá Altis. Erfiðlega hefur gengið að selja aðrar auglýsingar. Von er á áhorfstölum á næstunni og þá ætti að vera meiri möguleiki á sölu auglýsinga.
- Fyrsta helgi í keppni neðri deilda gekk vel. Tölvumál voru í lagi svo og ritarar rafrænnar leikskýrslu. Það eru vandkvæði með skráningu úrslita vegna þess að forritið gerir ekki ráð fyrir þriggja hrinu leikjum.
- Veður var ekki gott á landinu og setti það mark sitt á keppnina.
- **Bikarkeppni:**
- Rætt var um að fá styrktaraðila keppinnar til þess að styrkja útsendingu á 8 liða úrslitum.
- Bikarúrslitahelgin verður í Digranesi vegna of margra viðburða í Höllinni.

Landsliðsmál

- Rætt var um afreksstefnu BLÍ og vinnuna við að uppfæra hana í samræmi við kröfur ÍSÍ. Einnig var talað um menntun þjálfara og fræðslumál almennt.
- KHH ætlar að kanna námsefni ÍSÍ í grunnmenntun þjálfara. BLÍ þarf að útbúa eigin beinagrind og vinna að frekari mótun á námsefni fyrir menntun þjálfara.
- Næstu verkefni U 17 og U 19 kvenna verða í janúar í Evrópukeppni. Næstu verkefni A liðanna verða í ágúst 2018.

Landsleikir á næsta ári og blakfólk ársins frestað til næsta fundar Skólamót

- BLÍ er í samvinnu við UMSK um að halda blakmót fyrir ákveðna bekkir grunnskóla í Kórnum í vor. AHJ vinnur með framkvæmdastjóra UMSK að verkinu.

Önnur mál

- Iðkendagjald
 - Nú hafa verið sendir reikningar til allra félaga sem hafa keppnislið í Úrvals- og 1. deild. Á næstunni verða sendir reikningar til félaganna sem eiga keppnislið í deildunum þar fyrir neðan. Alls hafa 870 leikmenn verið skráðir inn í gagnagrunn deildarkeppninnar

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið kl. 18.06
Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð